



Alþýðusamband Íslands

05. nóvember 2008

Yfirlýsing miðstjórnar ASÍ vegna kaupréttarsamninga

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um kaupréttarsamninga æðstu stjórnenda í bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu og hneykslan sinni á því hvernig mál gengu fyrir sig í aðdraganda að falli bankanna. Alþýðusambandið hefur í mörg ár gagnrýnt fyrirkomulag kaupréttarsamninga og leggur ASÍ þunga áherslu á að þessi mál sem upp hafa komið síðustu daga verði rannsökuð ofan í kjölinn og hið sanna dregið fram í dagsljósið. Allt annað eykur aðeins á þá þungu reiðiöldu sem kraumar nú í samfélaginu og er ekki á bætandi.

Alþýðusambandið lítur á það sem sitt hlutverk að ganga eftir því að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á því hvers vegna þjóðin er komin í þessa stöðu. Gera þarf upp allar hliðar þessa máls. Hlutverk fjármálastofnana, ríkisstjórna, Seðlabankans og allra annarra megingerenda í atburðarásinni. Lagt er til að fengnir verði óháðir sérfræðingar í þetta verkefni, bæði innlendir og erlendir.

Herða þarf regluverk banka og fjármálafyrirtækja gagnvart ráðgjöf til einstaklinga, auka eftirlit og heimildir eftirlitsaðila. Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja fagmennsku í stjórn bankans og taka verður til gagngerar endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.